

Fimmtudaginn 26. mars 1998.

Nr. 161/1997.

Arngrímur Jónasson

(Magnús Guðlaugsson hrl.)

gegn

Landsvirkjun

(Hreinn Loftsson hrl.)

Kjarasamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. apríl 1997. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 812.355 krónur með dráttarvöxtum af nánar tilteknum fjárhæðum frá 28. febrúar 1991 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Arngrímur Jónasson, greiði stefnda, Landsvirkjun, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. janúar 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, var höfðað með stefnu, birtri 16. október 1995.

Stefnandi er Arngrímur Jónasson, kt. 240245-2809, Írafossi, Grímsnes-hreppi, Árnassýslu.

Stefndi er Landsvirkjun, kt. 420289-1299, Háaleitisbraut 68, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða 812.355 kr. ásamt nánar tilgreindum dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 [...] til greiðsludags.

Jafnframt krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér málskostnað að mati dómsins með inniföldum áhrifum 24,5% virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda eru þær, að öllum kröfum stefnanda verði hafnað.

Þess er krafist, að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins. Jafnframt er þess krafist, að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá og með fimm-tánda degi eftir dómsuppkvaðningu til greiðsludags.

24. júní 1996 var kveðinn upp úrskurður í Héraðsdómi Reykjavíkur, þar sem máli þessu var vísað frá dómi. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 27. ágúst 1996, var frávísunarúrskurðurinn ómerktur.

Málavextir.

Stefnandi starfar sem vélfræðingur hjá stefnda. Ráðast launakjör hans af kjarasamningi Vélstjóraráðs Íslands og Landsvirkjunar, dags. 24. ágúst 1988, framlengdum með minni háttar breytingum 7. júní 1989, 2. maí 1990, 3. september 1992, 21. desember 1994 og 29. júní 1995.

Samkvæmt grein nú 12.4 í kjarasamningi skulu laun vélfræðinga hjá stefnda samræmd þeim hækkunum, er verða á umsömdum launum vaktstjóra í Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins.

Samkvæmt samningi milli Áburðarverksmiðju ríkisins og Vélstjóraráðs Íslands, dags. 24. júní 1994, grein 3.15, er vélfræðingum, er starfa í Áburðarverksmiðju ríkisins, nú Áburðarverksmiðjunni hf. samkvæmt lögum nr. 89/1994, greiddur kaupauki. Kaupauki þessi er að sögn stefnanda lægstur 12%, en getur hæstur orðið 20%. Kaupaukinn kemur sem hundraðshluti ofan á heildarlaun.

Kaupauki þessi var tekinn upp í Áburðarverksmiðju ríkisins með samkomulagi 24. maí 1985, en færður í núverandi horf, þ. e. lægst 12%, hæst 20%, með samkomulagi, dags. 4. maí 1988.

Að sögn stefnanda gerði Vélstjóraráð Íslands þá kröfu á grundvelli gr. 12.5 í kjarasamningi aðila, að stefndi hækkaði laun vélfræðinga í þjónustu sinni samsvarandi. Með samkomulagi um starfsaldursbreytingar, dags. 25. sept. 1986, og samkomulagi um 3,5% kaupauka, dags. 15. september 1988, hafi stefndi viðurkennt þá skyldu sína. Þær kjarabætur, sem vélfræðingum hjá stefnda hafi verið tryggðar með þessu, jafngildi lágmarkinu 12%, enda hafi kaupaukinn í Áburðarverksmiðju ríkisins, er síðara samkomulagið var undirritað í september 1988, að jafnaði verið um 12%. Eftir þetta hafi komið í ljós, að breyting sú, sem gerð var á útreikningi kaupaukans í Áburðarverksmiðju ríkisins í maí 1988, hafi leitt til þess, að hann haldist að jafnaði í hámarki, þ. e. 20%. Samkomulagið frá 4. maí 1988 um kaupauka í Áburðar-

verksmiðju ríkisins hafi því í raun falið í sér 8% kauphækkun til vaktstjóra í Áburðarverksmiðju ríkisins. Vélstjórafélag Íslands og vélfræðingar í þjónustu stefnda hafi iðulega krafist sömu eða sambærilegrar launahækkunar á grundvelli greinar 12.5 í kjarasamningi Vélstjórafélags Íslands og stefnda, en án árangurs.

Grein 12.4 í kjarasamningi Vélstjórafélags Íslands og stefnda á að sögn stefnanda upphaf sitt að rekja til þess, að með dómi Hæstaréttar 10. júní 1971 var verkfall vélstjóra hjá stefnda dæmt ólöglegt. Eftir þann dóm samdi stefndi um kjör vélstjóra, er starfa hjá honum, ásamt Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins. Sú tilhögun stóð allt til ársins 1975, en 19. júní það ár gerði stefndi sjálfstæðan kjarasamning við Vélstjórafélag Íslands. Í þeim samningi var að sögn svofellt ákvæði:

„Verði breyting á samningsbundnum launum vélstjóra (vaktstjóra og aðstoðarvaktstjóra) hjá Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins, skulu laun vélstjóra í þjónustu Landsvirkjunar tekin til endurskoðunar.“

Orðalag samsvarandi ákvæðis í kjarasamningi aðila hljóðar nú svo:

„Verði breyting á umsömdum launum vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins á samningstímanum, skulu laun vélfræðinga hjá Landsvirkjun samræmd þeim.“

Málsástæður stefnanda.

Ráðningarsamningur stefnanda og stefnda miðist við kjarasamning Vélstjórafélags Íslands og stefnda. Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að samkvæmt grein 12.5 (svo í stefnu, mun eiga að vera 12.4) í þeim kjarasamningi beri að samræma laun hans þeim breytingum, er verða á umsömdum launum hjá vaktstjórum í Áburðarverksmiðju ríkisins, nú Áburðarverksmiðjunni hf. Stefndi hafi með því að greiða honum ekki þær kjarabætur, er hann krefst með málsókn þessari, brotið gegn þeim kjarasamningi.

Réttur stefnanda til greiðslu launa í samræmi við kjarasamning sé bæði samningsbundinn og einnig lögverndaður með 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 55/1980 skuli laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnu-markaðarins semja um, vera lágmarkskjör í viðkomandi starfsgrein á því svæði, er samningurinn tekur til.

Stefnandi hafi ávallt staðið við sinn hluta ráðningarsamnings aðila, og því heimili engin atvik stefnda að brjóta gegn samningsbundnum og lögvörðum réttindum stefnanda með þeim hætti að greiða honum ekki umsamdar launahækkanir.

Grein 12.4 sé hluti af gildandi kjarasamningi Vélstjórafélags Íslands og

stefnda, og beri að greiða stefnanda þær launabreytingar og þau hlunnindi, sem í þeirri grein felast, án þess að sérstakur kjarasamningur eða breyting á gildandi kjarasamningi komi til í hvert sinn. Engu breyti í því sambandi, þótt Vélstjórafélag Íslands og Landsvirkjun hafi samið svo um 25. september 1986 og 15. september 1988, að lágmarksprósenta umkrafins kaupauka, 12%, greiddist til vélfræðinga í þjónustu stefnda í formi starfsaldurshækkana og 3,5% kaupauka.

Aðeins sé þörf á að gera sérstakan kjarasamning vegna launabreytinga samkvæmt grein 12.5, ef láta eigi þær launabreytingar koma til vélfræðinga í þjónustu stefnda í einhverju öðru formi en þær launabreytingar eða hlunnindi, sem miðað er við hverju sinni.

Stefnandi hafi aflað sér upplýsinga um hundraðshluta þess kaupauka, sem greiddur hafi verið í Áburðarverksmiðjunni frá janúar 1988 til desember 1994, og séu dómkröfur hans miðaðar við þær upplýsingar. Kröfur stefnanda séu þannig reiknaðar, að fyrir hvern mánuð frá janúar 1991 til apríl 1995 sé fundinn mismunur á hundraðshluta greidds kaupauka hvers mánaðar í Áburðarverksmiðju ríkisins og 12% lágmarkskaupauka og það hlutfall reiknað af launum stefnanda fyrir þann mánuð að frádregnum 12%. Útreikningar þessir séu gerðir af Vélstjórafélagi Íslands á grundvelli upplýsinga frá stefnda og Áburðarverksmiðjunni hf. Samtals fyrir allt tímabilið sé fjárhæðin 812.356 kr., þ. e. stefnufjárhæð málsins.

Málskostnaðarkröfu sína styður stefnandi lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 130. gr. Um þá kröfu sína, að tekið verði tillit til 24,5% virðisaukaskatts á málflutningsþóknun, vísar stefnandi til laga nr. 50/1988 og þess, að stefnandi reki ekki neina virðisaukaskattsskylda starfsemi og honum því nauðsynlegt vegna skaðleysissjónarmiða að fá dæmdan málskostnað úr hendi stefnda með inniföldum áhrifum 24,5% virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Stefnandi telur, að megintilgangur samningsákvæðisins um, að laun vélfræðinga hjá Landsvirkjun skuli samræmd breytingum, sem verða á umsömdum launum vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðju ríkisins, sé að tryggja, að vélfræðingar í þjónustu stefnda dragist ekki aftur úr þeim starfsbræðrum sínum, sem vinna sambærileg störf og hafa verkfallsrétt.

Með því að vaktstjórar í Áburðarverksmiðjunni hf. fái greiddan kaupauka, lágmark 12%, hámark 20%, telur stefnandi, að sér beri sami kaupauki ofan á sín laun og vaktstjórum hafi verið greiddur.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Stefnandi telji kröfur sínar hvíla á gr. nr. 12.4 (áður 12.5) í kjarasamningi Vélstjórafélags Íslands og Landsvirkjunar, upphaflega frá 24. ágúst 1988, en

með síðari breytingum. Stefnandi hafi ekki heimild til að setja kröfu sína fram með þessum hætti, þar sem gera verði sérstakan samning hverju sinni milli aðila kjarasamningsins um hækkun á grundvelli nefndrar greinar hans. Um þetta vísar stefndi t. d. til forsendna gerðardóms frá 24. ágúst 1988 á dskj. 17, bls. 9, en þar segir:

„Í framkvæmd hafa vélfræðingar hjá varnaraðila (þ. e. Landsvirkjun) ekki fengið hækkanir þessar sjálfkrafa, heldur hefur verið gerður um það sérstakur samningur í hvert sinn. Þá tilhögun má að líkindum rekja til þeirrar reglu, að kjarasamningar skuli vera skriflegir, jafnframt því sem það leiðir af eðli þessa ákvæðis, að samræming launa milli starfsmanna fyrir-tækjanna geti að einhverju leyti verið háð mati vegna sérstakra aðstæðna á hverjum stað.“

Skriflegum samningi, sem feli í sér þann 20% kaupauka, sem stefnandi krefst sér til handa, sé ekki til að dreifa í málinu. Laun og önnur starfskjör stefnanda hjá stefnda hafi verið í samræmi við gildandi ráðningarsamninga og kjarasamninga. Með vísan til þess sé engin lagastöð fyrir kröfugerð stefnanda á hendur stefnda.

Í ráðningarsamningi stefnanda frá 1. mars 1986 og 1. janúar 1994 sé hvergi að finna ákvæði, er hann geti reist rétt sinn á, heldur sé þar vísað um kaup og kjör til kjarasamnings Landsvirkjunar og Vélstjórafélags Íslands. Breytist ráðningarsamningurinn af sjálfu sér í samræmi við þær almennu breytingar, sem kunni að verða á kjarasamningnum í gildistíð ráðningarsamningsins.

Vélstjórar hjá Landsvirkjun hafi ekki verkfallsrétt, og sé óumdeilt, að tilgangur greinds ákvæðis kjarasamningsins sé að tryggja það, að þeir dragist ekki aftur úr ákveðnum viðmiðunarhópum um kaup og kjör. Þegar hækk-anir verði hjá þeim hópum, hittist samningsaðilar og endurskoði kaup og kjör vélstjóra hjá Landsvirkjun, þ. e., ef tilefni sé til þess. Hækkun hjá öðrum viðmiðunarhópnum eða báðum þurfi ekki fortakslaust að leiða til hækkunar hjá vélstjórum Landsvirkjunar, heldur verði að fara fram mat og samanburður á milli hópanna. Í því efni komi m. a. til skoðunar, að allir vélstjórar hjá Áburðarverksmiðjunni hafi stöðu vaktstjóra, en aðeins hluti vélstjóra, sem starfi hjá Landsvirkjun. Á sínum tíma hafi verið tekinn upp kaupauki á laun vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðju ríkisins, og í kjölfarið hafi orðið breytingar á kjarasamningi Landsvirkjunar og Vélstjórafélags Íslands. Hafi fyrirtækið ekki léð máls á frekari hækkun umrædds kaupauka, enda hafi fyllsta samræmis verið gætt gagnvart viðmiðunarhópnum.

Í gildandi kjarasamningi Landsvirkjunar og Vélstjórafélags Íslands sé því hvergi að finna ákvæði, er veiti stefnda rétt til þess 20% kaupauka, sem

kröfugerðin feli í sér. Eins og fram komi í stefnu, skuli laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, vera lágmarkskjör í viðkomandi starfsgrein á því svæði, er samningurinn tekur til, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur skuli allir samningar milli stéttarfélaga og atvinnurekenda um kaup og kjör vera skriflegir. Laun og önnur starfskjör stefnanda hjá stefnda hafi fyllilega verið í samræmi við ákvæði gildandi kjarasamnings Landsvirkjunar og Vélstjórafélags Íslands.

Kröfugerð stefnanda virðist benda til óánægju hans með, hvernig um hefur samist milli Landsvirkjunar og Vélstjórafélags Íslands á grundvelli gr. 12.4 í kjarasamningi þeirra í kjölfar kaupauka, sem samið var um á sínum tíma milli Vélstjórafélags Íslands og Áburðarverksmiðju ríkisins.

Skýra verði gr. 12.4 (áður 12.5) í ljósi samningsins í heild og með tilliti til forsögu og tilgangs ákvæðisins. Vélstjórar hjá Landsvirkjun hafi ekki verkfallsrétt, og greininni sé atlað að tryggja, að þeir dragist ekki aftur úr launum ákveðinna viðmiðunarhópa, þ. e. vélstjóra hjá Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins, en þeir hópar hafi verkfallsrétt, svo og, að grunnkjör þessara hópa séu fyllilega sambærileg. Þegar rætt sé um grunnkjör í þessu sambandi, sé átt við öll þau kjaraatriði, sem eru almenns eðlis. Þar hafi menn reynt að greina frá kjör, sem séu á einhvern hátt staðbundin við aðra hvora verksmiðjuna. Sem dæmi um slíkt megi nefna ágreining, sem upp hafi komið milli samningsaðila 1985 um greiðslu á verkstjóraálagi til vélfræðinga Landsvirkjunar. Tildrög þess hafi verið, að allir vélfræðingar hjá Áburðarverksmiðjunni hafi verið komnir með slíkt álag, og því hafi verið gerð sú krafa, að vélfræðingar Landsvirkjunar fengju slíkt hið sama. Fulltrúar Landsvirkjunar hafi á hinn bóginn talið, að um ósambærilega hluti væri að ræða þar, sem vélfræðingar Áburðarverksmiðjunnar væru u. þ. b. tíu á móti sextíu hjá Landsvirkjun, og þar að auki væru störfin mjög ólík. Sæst hafi verið á málamiðlun 3. júlí 1985, sem hafi falið í sér hækkun á stjórnunar- og vaktaálagi vélfræðinga Landsvirkjunar, en auk þess hafi álag 1. vélfræðinga og yfirvélfræðinga hækkað. Það hafi verið mat samningsaðila með samkomulagi þessu, að sú hækkun væri fyllilega viðunandi, þegar tekið hafi verið tillit til staðbundinna atriða.

Hækkanir hjá viðmiðunarhópunum hafi þannig verið teknar til skoðunar og mats, þegar um þær hafi verið að ræða, og síðan hafi verið samið sérstaklega um hækkanir hjá vélstjórum Landsvirkjunar til að gæta samræmis, ef tilefni sé til hækkana og eftir að tillit hafi verið tekið til staðbundinna atriða. Samanburður leiði líka í ljós, að vélstjórar hjá Landsvirkjun séu með sambærileg grunnkjör og greindir viðmiðunarhópar.

Laun vélfræðinga hjá stefnda hafi ávallt verið í samræmi við laun vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins, þ. e. viðmiðunarhópanna tveggja. Hafi stefndi ætíð fullnægt samningsskyldum sínum í því sambandi. Samkvæmt skýru og ótvíræðu orðalagi gr. 12.4 skuli laun viðmiðunarhópanna vera til viðmiðunar, en þar segi ekki, að stefnandi skuli hljóta allt hið besta úr kjarasamningum viðmiðunaraðilanna tveggja, en geti hafnað öðru, enda hafi það ekki verið markmið með þessu ákvæði, heldur það, að sem best heildarsamræmi verði á milli hópanna þriggja.

Kjarninn í kröfu stefnanda sé sá, að hann krefjist nákvæmlega sömu kaupauka og annar viðmiðunaraðilinn, vaktstjórar hjá Áburðarverksmiðjunni, hafi haft, frá því að síðasta samkomulag milli Vélstjórafélagsins og Áburðarverksmiðjunnar var gert 4. maí 1988. Með þessari kröfu sé komið langt út fyrir það markmið greinar 12.4 að stuðla að samræmi milli kjara vélstjóra hjá stefnda, Áburðarverksmiðju ríkisins, og Sementsverksmiðju ríkisins. Krafa þessi sé og óframkvæmanleg, þar eð, ef krafan næði fram að ganga, yrði kaupauki vélstjóra í þjónustu stefnda að vera nákvæmlega eins og kaupauki vaktstjóra í þjónustu annars viðmiðunaraðilans, Áburðarverksmiðju ríkisins. Þetta sé ekki það, sem að hafi verið stefnt með grein 12.4. Þar sé talað um samræmi við laun viðmiðunarhópanna, en með kröfu sinni fari stefnandi fram á, að farið verði í öllu eftir samkomulagi milli aðila einkaréttarlegs eðlis.

Engin breyting hafi orðið á umsömdum launum vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðju ríkisins varðandi umræddan kaupauka frá 4. maí 1988. Við þessu hafi verið brugðist þannig á sínum tíma af hálfu stefnda, að samið hafi verið við Vélstjórafélag Íslands 25. september 1986 og 15. september 1988 um breyttar starfsaldursreglur, sem hafi falið í sér kjarabætur. Hafi það verið gert til að standa við ákvæði 12.5 í þágildandi kjarasamningi (nú 12.4) og gæta samræmis gagnvart vaktstjórunum hjá Áburðarverksmiðju ríkisins. Sá kaupauki sé innan þeirra viðmiðunarmarka, sem geti í kjarasamningi Vélstjórafélags Íslands og Áburðarverksmiðju ríkisins. Skoðun á launakjörum stefnanda og samanburður við heildarlaunagreiðslur til vélstjóra hjá Áburðarverksmiðjunni leiði og í ljós, að heildarlaunagreiðslur til stefnanda á tímabilinu 1991–1995 hafi verið sambærilegar við það, sem þær hafi verið hæstar til vélstjóra hjá Áburðarverksmiðjunni. Stefnandi gegni þó ekki vaktstjórastöðu hjá Landsvirkjun. Landsvirkjun hafi því að öllu leyti staðið við skyldur sínar samkvæmt kjarasamningi við Vélstjórafélag Íslands og ráðningarsamningi við stefnanda.

Kröfu um málskostnað styður stefndi XXI. kafla laga nr. 91/1991.

Niðurstaða.

Ákvæði í kjarasamningi Vélstjórafélags Íslands og Landsvirkjunar um samræmingu við laun vélstjóra hjá Áburðarverksmiðjunni hf., upphaflega Áburðarverksmiðju ríkisins, hafa að sögn verið allt frá árinu 1975, en þá var samið um, að ef breyting yrði á samningsbundnum launum vélstjóra (vaktstjóra og aðstoðarvaktstjóra) hjá Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins, skyldu laun vélstjóra í þjónustu Landsvirkjunar tekin til endurskoðunar.

Orðalag samsvarandi ákvæðis í nügildandi kjarasamningi hljóðar svo:

„Verði breyting á umsömdum launum vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins á samningstímanum, skulu laun vélfræðinga hjá Landsvirkjun samræmd þeim.“

Árið 1988 voru gerðar breytingar á launum vélstjóra hjá Landsvirkjun vegna þessa ákvæðis. Síðan hafa í nokkur skipti verið endurnýjaðir kjarasamningar Vélstjórafélags Íslands og Landsvirkjunar án sérstakra aðgerða vegna þessa ákvæðis. Við gerð kjarasamnings 21. desember 1994 fylgdi samningnum yfirlýsing stefnda. Yfirlýsing þessi er svohljóðandi:

„Landsvirkjun lýsir því hér með yfir, að með samkomulagi aðila, dags. 25. sept. 1986, um starfsaldursbreytingar og með samkomulagi aðila, dags. 15. sept. 1988, um kaupauka hafi vélfræðingum fyrirtækisins verið tryggðar kjarabætur, sem jafngiltu þeim 12% lágmarkskaupauka, sem um var samið í kjarasamningi milli Áburðarverksmiðju ríkisins og Vélstjórafélags Íslands, dags. 4. maí 1988. Vísað er til bókunar fulltrúa Landsvirkjunar með samkomulaginu frá 15. sept. 1988 þessu til áréttingar. Téður lágmarkskaupauki hefur ekki breyst, og Landsvirkjun hafnar eindregið þeirri kröfu VSFÍ, að sveiflur í framleiðslu Áburðarverksmiðjunnar leiði til launahækkunar hjá vélfræðingum Landsvirkjunar.“

Framangreindur samningur var framlengdur með tilteknum breytingum hinn 29. júní 1995, án þess að sérstaklega væri tekið á samræmingu við laun vélfræðinga í Áburðarverksmiðjunni.

Eins og hér hefur verið rakið, var upphaflega ákvæðið á þann veg, að laun vélstjóra skyldu tekin til endurskoðunar, ef breyting yrði á samningsbundnum launum vélstjóra hjá Áburðarverksmiðju ríkisins, og í nügildandi ákvæði segir, að launin skuli samræmd. Ekki er kveðið á um það, að launin skuli vera eins. Það virðist og hafa verið skoðun Vélstjórafélags Íslands, sem margsinnis hefur framlengt kjarasamninga sína við stefnda, án þess að gerðar hafi verið sérstakar ráðstafanir í tilefni þessara ákvæða síðan 1988.

Um kaup og kjör stefnanda fer eftir gildandi kjarasamningi. Framangreind ákvæði í kjarasamningi Vélstjórafélags Íslands og stefnda um samræmingu við laun vélfræðinga hjá Áburðarverksmiðjunni veita félaginu rétt

til að láta fara fram athuganir og samanburð á launakjörum félagsmanna sinna, sem vinna hjá Landsvirkjun og Áburðarverksmiðjunni, og krefjast lagfæringa, ef eitthvað þykir á skorta um samræmingu, en einstakir starfsmenn stefnda hafa ekki þann rétt.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Samkvæmt 130. gr. laga um meðferð einkamála ber að dæma stefnanda til þess að greiða stefnda málskostnað, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn 100.000 kr., og hefur þá verið litið til virðisaukaskattsskyldu málflutningsþóknunar.

Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Landsvirkjun, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Arngríms Jónassonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 100.000 kr. í málskostnað.
